

## Styrkur til að afrita og skrá heildarsafn mitt af kvikmynda- og hljóðupptökum

Með bréfi þessu sæki ég um styrk til bæjarráðs Hafnarfjarðar til að afrita og skrá heildarsafn mitt af kvikmynda- og hljóðupptökum.

Allt frá því um 1980 hef ég hljóðritað og síðar kvikmyndað mikið af viðburðum í Hafnarfirði. Hljóðritanir jukust til muna síðla árs 1987 þegar ég hóf starfrækslu Útvarps Hafnarfjarðar, fyrsta svæðisbundna útvarpsins á landinu utan starfsemi RÚV, og fjöldi viðmælenda kom í hljóðver eða ég fór á hina ýmsu staði í bænum og tók viðtöl við fólk af ýmsu tilefni. Má segja í gamni og alvöru að flestir málsmetandi Hafnfirðingar hafi verið á mínu bandi á bessum árum.

Um 1982 er ég að kvikmynda svolítið og byrja að gera fyrstu sjónvarpsþættina um Hafnarfjörð og Hafnfirðinga. Því miður er stór hluti þess efnis glataður.

Næsti kippur kemur um 1986 og síðar. Ekki mikið efni en varðveitt.

**Veturna 1992-4 naut ég tilstyrks**  
Hafnarjarðarbæjar til að gera rúmlega eitt hundrað sjónvarpsþætti sem sýndir voru á sjónvarpsstöðinni SÝN. Þetta efni er til nánast allt, en í nokkurn tíma hafa sum afspilunartæki ekki virkað til að spila sumt af þessu efni. Af þessum sökum var ekki hægt að sýna ágæta heimildarmynd sem við Lúðvík Geirsson unnum um Hauka á sínum tíma á nýafstöðnu stórafmæli félagsins. Nú er unnið að lausn málsins og skilar sér vonandi í stafrænni afritun þessa efnis fljótlega.

**Með opnun og starfrækslu Sjónvarps Hafnarfjarðar 1995 (sem einnig var fyrsta svæðisbundna sjónvarpsstöðin) má segja að hafi hafist nýr kafli í upptökusögu minni. Fljótlega þar á eftir fer ég að taka allt efni á stafrænt form - svokallaðan DV -staðal.**  
Nánast allt þetta efni hefur geymst og sumt verið afritað á harða diska.

Um aldamótin 2000 fer ég að taka á stafrænt form í háskerpu - svokallað HDV - á þar til gerðar spólur. Vel varðveitt en þarf að færa stafrænt á harða diska.

Efir 2007 hef ég tekið á stafrænt XDCAM háskerpuformat, sem yfirfært í klippitölvur er svokallað ProRes HQ - mikil gæði en taka mun meira plass á hörðum diskum en fyrri staðlar.

Öðru hvorum megin við næstu áramót fer ég að taka upp efni beint á svokallaða SSD harða diska. Efnið er síða afritað á harða diska og unnir þættir geymdir á þann hátt. Hægt er að velja milli háskerpu og ofurháskerpu - svokallað 4K - sem eru mestu gæði sem þekkjast í heiminum í dag. Eini gallinn er sá að þar sem myndmerkið er 4 sinnum stærra en háskerpa, þarf 4 sinnum meira geymslupláss.

Hljóðefnið mitt er á ótal stöðlum svo sem kassettum, DAT stafrænum spólum, VHS digital hljóð, hálfstommu og kvarttommu hljóðrásum á ýmsum hröðum, alls konar

stafrænum 2ja til 24 rása stöðlum.

Kvikmyndaefnið er jafnvel á enn fleiri formötum og þarfnað flokkunar líka, skráningar og jafnvel mats á því hvað er best að byrja á með afritun. Með afritun gefst kostur á að littleiðréttu og stytta efnið eftir því sem skoðun leiðir í ljós.

Því miður má gera ráð fyrir að eitthvað efni hafi eða muni tapast, þó vitað sé ekki um margar upptökur sem ekki hafa fundist. Enginn vafi er á því að nánast allt efnið verður að komast á stafrænt form sem fyrst, og að frumtökur verði geymdar á öruggum stað.

Með afritun og skráningu get ég (og þeir sem handfjatla þetta efni eftir minn dag) betur valið hvað rétt væri að vinna meira af þessu efni.

Ég hef kroppað í þetta hér og þar og gert nokkrum perlum góð skil sem hægt verður að hlusta á.. og horfa á í nánustu framtíð.

Hins vegar er þetta efni svo mikið að vöxtum að langan tíma mun taka að koma bessu í aðgengilegt form. Gróf ágiskun er að þetta gæti verið meira en 4 þúsund klukkutímar af mismerkilegu hljóð- og kvikmyndaefni.

Fyrsta skrefið er því að skrá efnið og afrita það á stafrænt vinnanlegt form.

Nú sæki ég um styrk til bæjarráðs Hafnarfjarðar til að hefja þetta verk. Ég hef svo sem ekki útfærða kostnaðaráætlun eð nákvæma hugmynd um hversu langan tíma það mun taka að gera þetta en bið um eina milljón krónur til að hefja verkið.

virðingarfyllst,

Halldór Árni Sveinsson,  
Kaldakinn 3, 220 Hf  
[dorisv@flensburg.is](mailto:dorisv@flensburg.is)

